

Kæru forráðamenn nemenda unglingadeildar Sjálalandskóla

Nú stýttist í skólabyrjun en undirbúningur skólastarfsins er í fullum gangi. Hér koma nokkrar gagnlegar upplýsingar sem brenna á mörgum svona í upphafi skólaársins.

Breytingar á skólaárinu 2017-2018

Á skólaárinu 2017-2018 mun skóladagur nemenda hefjast kl. 8:20 alla daga og ljúka:

Mánudaga 13:50

Þri- og fimmtudaga kl. 14:10

Miðvikudaga kl. 14:50

Föstudaga kl. 13:30

Innkaup

Það er ánægjulegt að segja frá því að bæjarráð Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 1. ágúst sl. að greiða fyrir námsgögn að upphæð 5000 kr fyrir hvern nemanda í grunnskólum Garðabæjar skólaárið 2017-2018.

Með námsgögnum er m.a. átt við stílabækur, blýanta, liti, gráðuboga o.fl. til notkunar í skólunum.

Nemendur Sjálalandskóla þurfa að eiga:

- Skólatösku
- Vasareikni (Casio fx-350-ES Plus eða sambærilegt)
- Heyrnartól
- Íþróttaföt og íþróttaskó
- Sundfatnað
- Minniskubb
- Nemendur þurfa að eiga ritföng heima til að geta sinnt heimanámi

Kynningarfundir nýnema og forráðamanna

Allir **nýir** nemendur Sjálalandskóla og forráðamenn þeirra eru boðaðir á kynningarfundir en þeir verða haldnir fimmtudaginn 17. ágúst á eftirfarandi tímum:

09:00-10:00	Kynningarfundur fyrir nýja nemendur í 1.- 3.b
10:00-11:00	Kynningarfundur fyrir nýja nemendur í 4.-7.b.
13:00-14:00	Kynningarfundur fyrir nýja nemendur í 8.bekk

Í Sjálalandskóla er hefð fyrir því að skólabyrjun hefjist með forelora- og nemendaviðtölum þar sem nemendur og forráðamenn þeirra eiga stuttan fund með sínum umsjónarkennara. Fundirnir verða haldnir þriðjudaginn 22. ágúst en kennsla hefst samkvæmt stundaskrá miðvikudaginn 23. ágúst.

Umsjónarkennarar munu hafa samband við forráðamenn á tímabilinu 15. – 18. ágúst og boða í viðtölin. Skóladagatal fyrir skólaárið, upplýsingar um innkaupalista ásamt hagnýtum upplýsingum má finna á heimasíðu Sjálalandskóla.

Skólamatur

Hægt er að kaupa hádegismat fyrir nemendur hjá skolamat.is. Forráðamenn velja hvort þeir kaupa einn eða fleiri daga. Hægt er að finna upplýsingar um verð á hádegismat á [heimasíðu Skólamatar](http://heimasidu.Skolamatar). Skráning fer fram eins og áður segir hjá Skólamat en nánari upplýsingar verða sendar frá Skólamat í lok vikunnar. Skólamatur verður í boði frá og með fyrsta skóladegi ársins þ.e. 23 ágúst.

Hlökkum til samstarfsins í vetur.

Með kærri kveðju,

Edda Björg Sigurðardóttir skólastjóri og Sesselja Þóra Gunnarsdóttir aðstoðarskólastjóri